



Sannprófun á skilvirkni opinbers eftirlits

Kerfi til sannprófunar á framkvæmd, skilvirkni og árangri opinbers eftirlits með matvælum, fóðri og heilbrigði og velferð dýra.

STAÐFESTING Á GILDISTÖKU

Sannprófun á skilvirkni opinbers eftirlits

Kerfi til sannprófunar á framkvæmd, skilvirkni og árangri opinbers eftirlits með matvælum, fóðri og heilbrigði og velferð dýra.

Ákvörðun

Matvælastofnun hefur ákveðið að taka upp kerfi til sannprófunar á framkvæmd, skilvirkni og árangri opinbers eftirlits með matvælum, fóðri og heilbrigði og velferð dýra.

Bakgrunnur

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004 sem innleidd var með reglugerð nr. 106/2010 skulu lögbær yfirvöld annast opinbert eftirlit í samræmi við skjalfestar verklagsreglur. Í þessum verklagsreglum skulu vera upplýsingar og fyrirmæli handa starfsfólki sem sinnir opinberu eftirliti, m.a. á þeim sviðum sem um getur í II. kafla II. viðauka reglugerðarinnar. Lögbær yfirvöld skulu setja verklagsreglur annars vegar til þess að sannprófa skilvirkni opinbers eftirlits sem þau annast og hins vegar til að tryggja að úrbætur séu gerðar þegar þörf krefur.

Ábyrgð: Samhæfing, Matvælastofnun

Matvælastofnun
Austurvegi 64
800 Selfossi
Sími: (+354) 530 4800
Fax : (+354) 530 4801
mast@mast.is
www.mast.is

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Jón Gíslason".

Jón Gíslason
forstjóri

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Lög og reglur	3
1.1. Lög nr. 93/1995 um matvæli	3
1.2. Reglugerð nr. 106/2010 um opinbert eftirlit	3
3. Orðskýringar	4
4. Sannprófunarkerfi	5
4.1. Sannprófun á opinberu eftirliti	5
4.2. Þrjár stoðir sannprófunarkerfis	6
5. Úttektir	7
5.1. Innri úttektir	7
5.2. Ytri úttektir	7
6. Samhæfing	8
6.1. Aðgerðir til samræmingar: Hlutverk og ábyrgð	8
6.2. Gæðakerfi / skráð verklag	10
7. Kerfisbundin sannprófun	11
7.1. Markmið og mælikvarðar	11
7.2. Úrvinnsla og skýrslugerð	12
7.3. Eftirlitsverkefni	13
7.4. Kerfisbundin rýni	13

1. Inngangur

Opinbert eftirlit með matvælum, fódri, dýraheilbrigði og dýravelferð er umfangsmikið og fjölbreytt og tekur á öllum stigum matvæla- og fódurframleiðslu og dýrahalds. Mikilvægt er að fylgjast með hagkvæmni, skilvirkni og árangri eftirlitsins við að ná fram markmiðum löggjafar með matvælum og fódri, dýraheilbrigði og dýravelferð og bregðast við með viðeigandi úrbótum þegar þess er þörf.

Matvælastofnun hefur innleitt sannprófunarkerfi fyrir opinbert eftirlit. Það er sett fram til þess að skýra og skilgreina hlutverk þeirra sem að opinberu eftirliti koma við að framfylgja þeirri stefnu sem lagt er upp með, sannprófa skilvirkni eftirlitsins og grípa til aðgerða þegar umbóta er þörf.

Matvælastofnun hefur gefið út Landsbundna eftirlitsáætlun til margra ára (LEMA) og er sannprófun á skilvirkni opinbers eftirlits hluti af þeirri áætlun.

2. Lög og reglur

1.1. Lög nr. 93/1995 um matvæli

22. gr.

7. mgr. Matvælastofnun hefur yfirumsjón með matvælaeftirliti og skal sjá um að vöktun og rannsóknir vegna þessa eftirlits séu framkvæmdar. Í yfirumsjón felst samræming matvælaeftirlits þannig að framkvæmdin sé með sama hætti á landinu öllu.

8. mgr. Matvælastofnun skal koma á samvinnu þeirra er að málum þessum starfa og skal í slíkum tilvikum sérstaklega gæta að hagkvæmni í eftirliti og fyrirbyggja tvíverknað og skörun eftir því sem frekast er unnt. Stofnunin skal hafa nána samvinnu við heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúa og veita þá ráðgjöf og þjónustu varðandi matvælaeftirlit sem hún getur og aðstæður krefjast. Þá skal stofnunin vinna að samræmingu krafna sem gerðar eru til starfsemi á sviði matvælaeftirlits og að því að slíkum kröfum sé framfylgt. Til þess að stuðla sem best að því að þessu markmiði verði náð gefur stofnunin út leiðbeiningar og viðmiðunarreglur um framkvæmdina sem heilbrigðisnefndum ber að fylgja.

1.2. Reglugerð nr. 106/2010 um opinbert eftirlit

Reglugerð nr. 106/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fódur og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt

4. gr. reglugerðar nr. 882/2004 Tilnefning lögbærra yfirvalda og rekstrarviðmiðanir

[...]

2. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess:

- a) að opinbert eftirlit með lifandi dýrum, fódri og matvælum á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar og notkun fódurs sé skilvirkt og viðeigandi,

[...]

4. Lögbær yfirvöld skulu á öllum stigum opinbers eftirlits tryggja óhlutdrægni, gæði og samræmi. Öll yfirvöld, sem hafa fengið valdheimild til að annast opinbert eftirlit, skulu fara í öllu að viðmiðunum sem taldar eru upp í 2. mgr.

5. Þegar fleiri en ein eining lögbærs yfirvalds hefur valdheimild til að annast opinbert eftirlit skal tryggja skilvirka og áhrifaríka samræmingu og samstarf milli mismunandi eininga.

6. Lögbær yfirvöld skulu annast innri úttektir eða láta annast ytri úttektir og gera viðeigandi ráðstafanir, með hliðsjón af niðurstöðum úr þeim, til að tryggja að þau nái markmiðum þessarar reglugerðar. Þessar úttektir skulu byggjast á sjálfstæðum athugunum og skal sinnt með gagnsæjum hætti.

8. gr. reglugerðar nr. 882/2004 Verklagsreglur um eftirlit og sannprófun

1. Lögbær yfirvöld skulu annast opinbert eftirlit í samræmi við skjalfestar verklagsreglur. Í þessum verklagsreglum skulu vera upplýsingar og fyrirmæli handa starfsfólki sem sinnir opinberu eftirliti, m.a. á þeim sviðum sem um getur í II. kafla II. viðauka.

[...]

3. Lögbær yfirvöld skulu hafa sett verklagsreglur:

- a) til að sannprófa skilvirkni opinbers eftirlits sem þau annast, og
- b) til að tryggja að úrbætur séu gerðar, þegar þörf krefur, og að skjölin, sem um getur í 1. mgr., séu uppfærð eftir því sem við á.


3. Orðskýringar

1. Sannprófun (e. verification):
Aðgerð sem felst í því að kanna, með rannsókn og á grundvelli hlutlægra sönnunargagna, hvort eða að hve miklu leyti tilteknar kröfur hafi verið uppfylltar.
2. Skilvirkni (e. effectiveness):
Hvort eða að hve miklu leyti markmið opinbers eftirlitskerfis eða niðurstöður þeim tengdar náðust, eða vænta má að náist, að teknu tilliti til mikilvægis þeirra.
3. Úttekt (e. audit):
Kerfisbundin og óháð rannsókn til þess að skera úr um hvort tiltekin starfsemi og tengdur árangur sé í samræmi við ætlað fyrirkomulag og hvort þessu fyrirkomulagi sé hrundið í framkvæmd með skilvirkum hætti og henti til að ná settum markmiðum.
4. Lögbært yfirvald (e. competent authority):
Stjórnvald, sem er til þess bært að skipuleggja opinbert eftirlit, eða hvert annað það yfirvald sem hefur verið fengið heimildir til þess verkefnis.
Lögbær yfirvöld á Íslandi eru: Matvælastofnun (MAST) og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga.
5. Opinbert eftirlit (e. official control):
Hvers kyns eftirlit sem lögbært yfirvald annast til að staðfesta að farið sé að löggjöf um fóður, matvæli, heilbrigði og velferð dýra.
6. Eftirlitsgagnagrunnur fyrir opinbert eftirlit
Gagnagrunnur sem heldur utan um niðurstöður úr eftirliti, upplýsingar um fyrirtæki, áhættu- og frammistöðuflokkun fyrirtækja, tímafjöld og tegundir eftirlits. Gagnagrunnur eykur skilvirkni og samræmingu í eftirliti með því að auðvelda skráningu niðurstaðna á staðnum á rafrænan og samræmdan hátt fyrir matvæla- og fóðureftirlit í landinu.

4. Sannprófunarkerfi

4.1. Sannprófun á opinberu eftirliti


Sannprófun á að eftirlit hafi tilætluð áhrif fer fram á mismunandi stigum. Til þess að geta fylgst með og tryggt skilvirkni opinbers eftirlits er gjarnan notuð aðferðafræði um mat og stöðugar umbætur á öllum stigum eftirlits og skipulags á eftirliti. Aðferðafræði um stöðugar umbætur má lýsa sem hringrás þar sem framkvæmd á eftirliti skal vera í samræmi við áætlanir, mat er lagt á niðurstöður og umbætur gerðar í kjölfarið.



- **Áætlun:**
 - Setja fram áætlun og markmið fyrir opinbert eftirlit. Fullvissa sig um að áætlun sé í samræmi við löggjöfina
- **Framkvæmd:**
 - Framkvæma eftirlit í samræmi við áætlanir og sannprófa að áætlunum sé fylgt eftir og farið sé eftir leiðbeiningum
- **Mat:**
 - Meta árangur af eftirliti og aðgerðum, t.d. hvort skilgreind markmið hafi náðst
- **Umbætur:**
 - Taka tillit til niðurstaðna matsins og nota þær við frekari þróun, markmiðasetningu og skipulag á eftirliti

4.2. Þrjár stoðir sannprófunarkerfis

Sannprófun á skilvirkni opinbers eftirlits er byggð upp á þremur meginstoðum. Þessir þrjú þættir skulu tryggja að sannprófun eigi sér stað á framkvæmd, skilvirkni og árangri í opinberu eftirliti með matvælum, fóðri, dýraheilbrigði og dýravelferð.



Í eftirfarandi köflum er fjallað um hvern þessara þátta:

- Kafli 5 - Úttektir
- Kafli 6 - Samhæfing
- Kafli 7 - Kerfisbundin sannprófun

5. Úttektir

Lögbær yfirvöld skulu:

- Taka virkan þátt í innri og ytri úttektum
- Gera nauðsynlegar umbætur í kjölfar úttekta
- Taka tillit til niðurstaðna úttekta við skipulag og markmiðasetningu

5.1. Innri úttektir

Í löggjöf um opinbert eftirlit með matvælum, fóðri og heilbrigði og velferð dýra, er kveðið á um að lögbær yfirvöld skuli annast innri úttektir til að tryggja að markmiðum löggjafarinnar sé náð.

MAST hefur innleitt kerfi vegna innri úttekta á opinberu eftirliti. Einnig hefur verið gefin út Langtímaáætlun um innri úttektir (LÚMA) sem lýsir áætlun um áherslur og efni innri úttekta á fimm ára tímabili.

Á [vefsíðu MAST um innri úttektir](#) má finna

- nánari upplýsingar um innri úttektir og úttektakerfið
- langtímaáætlun um innri úttektir
- áætlun sem gefin er út árlega um þær innri úttektir sem framkvæma skal á ári hverju, þar sem lýst er umfangi úttekta og úttektarþegum

5.2. Ytri úttektir

Ytri úttektir á opinberu eftirliti eru framkvæmdar af Eftirlitsstofnun EFTA (ESA). Einnig eru ytri úttektir framkvæmdar af ríkjum utan EES á opinberu eftirliti þegar það er forsenda þess að þau leyfi innflutning frá Íslandi.

Um undirbúning og framkvæmd ytri úttekta fer samkvæmt verklagi í Gæðahandbók MAST.

6. Samhæfing

6.1. Aðgerðir til samræmingar: Hlutverk og ábyrgð

6.1.1. Samhæfingarsvið MAST

Vinnur að samhæfingu almennt innan stofnunarinnar, skipulagi á samhæfingaraðgerðum og framkvæmd þvingunarúrræða, auk almennrar úrvinnslu og greiningu á niðurstöðum eftirlits úr eftirlitsgagnagrunni opinbers eftirlits. Samhæfingarsviðið skal:

- Vakta reglubundið hvort eftirlit sé framkvæmt í samræmi við áhættuflokkun, markmið og áætlanir um eftirlit og upplýsa forstöðumenn, teymisstjóra og héraðsdýralækna þegar grípa þarf til aðgerða
- Vakta hvort framkvæmd eftirlits sé samræmd milli svæða, teyma og eftirlitsmanna og grípa til viðeigandi aðgerða
- Meta árlega niðurstöður eftirlits og kynna samantekt á niðurstöðum eftirlits
- Halda utan um samhæfingaraðgerðir og kynna árlega framgang þeirra og niðurstöður fyrir forstöðumönnum
- Vakta samhæfingu þvingunaraðgerða og upplýsa forstöðumenn, teymisstjóra og héraðsdýralækna þegar grípa þarf til aðgerða
- Rýna feril viðamikilla eða sérstakra mála og kynna fyrir forstöðumönnum, teymisstjórum og héraðsdýralæknum niðurstöður og mögulegar umbætur

6.1.2. Forstöðumenn Neytendaverndar og Dýraheilsu MAST

Bera ábyrgð á samhæfingu innan sinna sviða. Þeir skulu:

- Vakta reglubundið að eftirlit á þeirra sviði sé framkvæmt í samræmi við áhættuflokkun, markmið og áætlanir um eftirlit og grípa til nauðsynlegra aðgerða og ráðstafana til að tryggja framkvæmd eftirlits
- Tryggja að framkvæmd eftirlits á þeirra sviði sé samræmd og í samræmi við skráð verklag
- Rýna samantektir á niðurstöðum eftirlits

Forstöðumenn skulu styðjast við gögn úr eftirliti og upplýsingar frá samhæfingarsviði og teymisstjórum til þess að fylgjast með framkvæmd og samræmingu á eftirliti.

6.1.3. Fagsviðsstjórar/Sérgreinadýralæknar MAST

Bera ábyrgð á samhæfingu og áherslum í eftirliti innan síns fagsviðs. Sérgreinadýralæknar og fagsviðsstjórar skulu:

- Vakta hvort það eftirlit sem er framkvæmt á þeirra fagsviði sé samræmt og í samræmi við verklag og áherslur. Þetta gera þeir m.a. með:
 - Rýni gagna
 - Þjálfun og leiðbeiningum
 - Samræmingarskoðunum þegar tilefni er til
- Upplýsa forstöðumenn og samhæfingarsvið um framgang og eftirfylgni eftirlits á sínu fagsviði

Fagsviðsstjórar og sérgreinadýralæknar skulu styðjast við gögn úr eftirlitsgagnagrunni fyrir opinbert eftirlit, upplýsingar frá samhæfingarsviði, teymisstjórum, héraðsdýralæknum, eftirlitsmönnum og forstöðumönnum til þess að fylgjast með samræmingu og framkvæmd á eftirliti með sínu fagsviði.

6.1.4. Héraðsdýralæknar og teymisstjórar MAST

Bera ábyrgð á skipulagi og framkvæmd eftirlits innan síns umdæmis eða síns teymis. Héraðsdýralæknar og teymisstjórar skulu:

- Vakta hvort eftirlit er framkvæmt í samræmi við markmið, áherslur og áætlanir innan þeirra umdæmis/teymis og grípa til nauðsynlegra aðgerða og ráðstafana til að tryggja framkvæmd eftirlits
- Tryggja að framkvæmd eftirlits í þeirra umdæmi/teymi sé samræmd og í samræmi við skjalfest verklag. Þessu má m.a. ná fram með:
 - Rýni á niðurstöðu eftirlits
 - Þjálfun og leiðbeiningum
 - Samræmingarskoðunum þegar tilefni er til
- Rýna samantektir á niðurstöðum eftirlits

Héraðsdýralæknar og teymisstjórar skulu styðjast við gögn úr eftirlitsgagnagrunni fyrir opinbert eftirlit, upplýsingar frá samhæfingarsviði, fagsviðsstjórum, sérgreinadýralæknum og forstöðumönnum til þess að fylgjast með framkvæmd og samræmingu á eftirliti.

6.1.5. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga

Heilbrigðiseftirlit skal:

- Vakta að framkvæmd eftirlits sé samkvæmt áætlun á sínu svæði og grípa til nauðsynlegra aðgerða og ráðstafana þegar þörf krefur
- Tryggja að framkvæmd eftirlits á sínu svæði sé samræmd og í samræmi við landsbundnar leiðbeiningar, ákvarðanir og annað skjalfest verklag. Þessu má m.a. ná fram með:
 - Þjálfun
 - Rýni á niðurstöðu eftirlits
 - Samræmingarskoðunum
- Tryggja að framkvæmd eftirlits sé samræmd milli svæða. Þessu skal m.a. ná fram með því að:
 - Innleiða verklagsreglur og leiðbeiningar
 - Taka virkan þátt í eftirlitsverkefnum
 - Taka virkan þátt í samráðsvettvangi heilbrigðisnefnda og MAST
 - Taka virkan þátt í sameiginlegum verkefnum og aðgerðum MAST og heilbrigðisnefnda
- Tryggja að framkvæmd eftirlits sé í samræmi við markmið svæðisins, landsbundin markmið og áherslur í eftirlitinu
- Fylgja leiðbeiningum sem MAST gefur út og þeim ákvörðunum sem MAST tekur varðandi samræmingu krafna og verklags á sviði matvælaeftirlits

6.2. Gæðakerfi / skráð verklag

Lögbært yfirvald skal móta gæðastefnu sem tryggir að öll verkefni og þjónusta sem það annast sé ávallt í samræmi við staðfest innra verklag og hlutverk þess samkvæmt lögum og reglugerðum.

Gæðastefnan skal ná til allra þátta í starfseminni og allra rekstrareininga.

Til að ná þessu fram skal lögbært yfirvald:

- Starfrækja gæðakerfi sem byggir á hlutverki þess samkvæmt lögum og reglugerðum
- Vinna samkvæmt staðfestu innra úttektakerfi á opinberu eftirliti með matvælum, fódri og heilbrigði og velferð dýra
- Hafa á að skipa vel menntuðu og þjálfuðu starfsfólki sem sýni fagþekkingu, færni, metnað og frumkvæði við störf sín
- Stuðla að ánægju starfsmanna og vellíðan í starfi, að starfsmenn fái tækifæri til að afla sér nýrrar þekkingar, tileinka sér nýjar aðferðir og miðla upplýsingum og þekkingu

Gæðakerfi hefur að geyma skráð verklag sem starfsmönnum ber að fara eftir. Allir starfsmenn skulu hafa greiðan aðgang að gæðakerfi og þekkja uppbyggingu þess sem og ferla við endurskoðun gæðaskjala.

Gæðaskjöl skulu endurskoðuð í samræmi við niðurstöður úr kerfisbundinni rýni, niðurstöður úr innri/ytri úttektum eða vegna breytinga á löggjöf.

7. Kerfisbundin sannprófun

7.1. Markmið og mælikvarðar

Til þess að geta sannreynt skilvirkni opinbers eftirlits er mikilvægt að sett séu skýr markmið fyrir eftirlitið og fylgst með árangri við að ná settum markmiðum.

Við setningu markmiða skal leggja áherslu á að hafa þau SMART:



7.1.1. Stefnumiðuð markmið

Stefnumiðuð markmið fyrir opinbert matvælaeftirlit skulu sett af forstjóra, forstöðumönnum fagsviða í samráði við heilbrigðisnefndir sveitarfélaga þar sem það á við.

Setning stefnumiðaðra markmiða fyrir opinbert eftirlit skal taka mið af upplýsingum frá samhæfingarsviði um niðurstöður eftirlits og úttekta, aðstæðna sem upp hafa komið héraðs eða erlendis og markmiðum löggjafarinnar.

Skilgreina skal starfsmarkmið sem vinna að stefnumiðuðum markmiðum og mælikvarða til þess að meta árangur.

Stefnumiðuð markmið skulu sett til 3-5 ára í senn og birt í landsbundinni eftirlitsáætlun til margra ára (LEMA). Þau skal kynna fyrir hlutaðeigandi aðilum og birta opinberlega.

7.1.2. Starfsmarkmið

Starfsmarkmið skulu sett af starfseiningum MAST og heilbrigðisnefndum sveitarfélaga. Þau skulu vera í samræmi við stefnumiðuð markmið fyrir opinbert eftirlit, niðurstöður eftirlits, niðurstöður innri/ytri úttekta og sérstök málefni sem varða hverja starfseiningu eða svæði.

Starfsmarkmið skulu árlega sett fyrir öll stig eftirlits og mælikvarðar skilgreindir til þess að meta árangur. Samhæfingarsvið veitir upplýsingar við setningu markmiða og mælikvarða, tekur þær saman og kynnir.

7.2. Úrvinnsla og skýrslugerð

Mikilvægt skref í sannprófunarferlinu er að vinna úr og meta niðurstöður og gögn. Slíkt er nauðsynlegt til þess að geta skilgreint mögulegar umbætur eða árangur.

7.2.1. Samhæfingarsvið MAST

Samhæfingarsvið heldur utan um ársskýrslu sem unnin er skv. 44. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004 sem innleidd var með reglugerð (IS) nr. 106/2010.

Samhæfingarsvið skal:

- Vinna úr niðurstöðum eftirlits
 - Skoða framkvæmt eftirlit, áhættuflokkun, frammistöðuflokkun, greiningu frávika og alvarlegra frávika, aðgerðir sem gripið var til o.fl.
 - Gera samanburðar- og leitnigreiningar (trend analysis)
- Greina og vinna úr skýrslum frá lögbærum eftirlitsaðilum
- Kynna niðurstöður fyrir hlutaðeigandi aðilum og birta opinberlega

7.2.2. Eftirlitsaðilar

Teymisstjórar, héraðsdýralæknar, fagsviðsstjórar og sérgreinadýralæknar MAST og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga bera ábyrgð á að taka árlega saman niðurstöður og upplýsingar um framkvæmd eftirlits í sínu umdæmi, innan síns teymis eða fagsviðs sem ekki skráist inn í sameiginlegan eftirlitsgagnagrunn fyrir opinbert eftirlit. Það skal gert á samræmdan hátt eftir þeim leiðbeiningum og reglum sem MAST setur. Þar með talið:

- Framkvæmt eftirlit, fjöldi frávika, fjöldi alvarlegra frávika, aðgerðir sem gripið var til o.fl.
- Greining á frávikum
- Árangur við að ná settum markmiðum
- Þjálfun

Niðurstöðum skal skila til samhæfingarsviðs.

Þá skulu eftirlitsaðilar jafnframt rýna og kynna sér samantekt á niðurstöðum, ársskýrslu og þær ábendingar sem koma frá samhæfingarsviði. Þessar upplýsingar skal m.a. nota við markmiðasetningu og skipulag á eftirliti.

7.3. Eftirlitsverkefni

Við skipulag eftirlitsverkefna skal m.a. taka mið af þeim stefnumiðuðu markmiðum sem hafa verið sett fyrir opinbert eftirlit. Markmið með eftirlitsverkefnum er m.a. að skoða og rannsaka nánar afmarkaða þætti við framleiðslu og dreifingu matvæla, til að skoða hvort kröfur löggjafar eru uppfylltar svo og til samræmingar og þjálfunar.

Niðurstöðum sameiginlegra eftirlitsverkefna MAST og heilbrigðiseftirlits skal skila inn til forstöðumanna og samhæfingarsviðs MAST og til heilbrigðisnefnda eftir því sem við á. Þær skal að öllu jöfnu birta opinberlega og kynna öllum þeim sem koma að eftirliti. Sama á við um eftirlitsverkefni einstakra eftirlitsaðila eftir því sem við á.

7.4. Kerfisbundin rýni

Kerfisbundin rýni felur í sér að opinber eftirlitskerfi eru rýnd, metin og endurskoðuð. Með þessu er ekki aðeins verið að endurskoða einstaka verklagsreglur, fyrirmæli eða leiðbeiningar heldur samspil þessara þátta og virkni kerfisins í heild sinni. Slík rýni getur leitt til endurskoðunar og uppfærslu á einstökum eða mörgum verklagsreglum, fyrirmælum eða leiðbeinandi skjólum og/eða vinnulaginu í heild sinni.

Samhæfingarsvið stýrir og skipuleggur aðgerðir vegna kerfisbundinnar rýni hjá MAST. Hver heilbrigðisnefnd sveitarfélaga stýrir og skipuleggur aðgerðir vegna kerfisbundinnar rýni síns heilbrigðiseftirlits. En allir þeir sem vinna að opinberu eftirliti skulu taka þátt í slíkum verkefnum eftir atvikum.

Athugasemdum við þau kerfi sem unnið er samkvæmt skal safnað saman miðlægt hjá viðkomandi eftirliti og unnið úr þeim þar. Tryggja þarf að allir geti komið athugasemdum og ábendingum á framfæri.

Við ákvörðun um endurskoðun og rýni kerfa skal horfa til tíma frá síðustu endurskoðun, niðurstaðna úr innri/ytri úttektum, breyttra áherslna o.fl.
